

HEILDARMYND

HEIMILIÐ ER NÚTÍMALEGT, STÍLHREINT, SMART. GUNNAR BERGMANN STEFÁNSSON OG HLÉDÍS SVEINSDÓTTIR, ARKITEKTAR HJÁ EON ARKITEKTUM, SÁU UM INNANHÚSS-HÖNNUNINA. ALLT ER Í STÍL ENDA VAR LÖGÐ ÁHERSLA Á HEILDARÞEMA. HEILDARMYND.

Eftir Svövu Jónsdóttur Myndir Gunnar Sverrisson

Tvílyft raðhúsið stendur á skjólsælum stað í Grafarholtinu. Í næsta nágrenni er ósnortin náttúran. Þar er hægt þar sem finna má skemmtilegar gönguleiðir. Grenitré standa sígræn í þyrpingu. Þetta er paradís í höfuðborginni.
Húsið var fokhelt þegar húsráðendur festu kaup á því fyrir um tveimur árum. Þeir ákváðu að fá arkitekta til liðs við sig og gekk samvinnan við EON arkitekta að óskum. Að sögn var þetta skemmtileg samvinna; arkitektarnir og húsráðendur komu með ýmsar hugmyndir en allir höfðu svipaðar skoðanir á því hver heildarmyndin ætti að vera.
Þegar upp var staðið var skipulagi hússins, sem er um 210 fermetrar, breytt örlítið – herbergjafjöldi er þó sá sami. Þá sáu arkitektarnir um hönnun innréttinga og innrýma auk ýmissa smáatriða.
Á neðri hæðinni er bílskúr, tvö herbergi, sjónvarpshol, baðherbergi og þvottahús. Á þeirri efri er eldhús, stofa, tvö herbergi og baðherbergi.

UM SEX FERMETRA GLERPLATA

Húsráðendur vildu hvorki að hönnunin yrði flókin né dýr. Þeir vildu einfaldlega stílhreint heimili. Annars fengu arkitektarnir að mestu leyti frjálsar hendur við hönnunina. Að þeirra sögn voru húsráðendur opnir fyrir ýmsum hugmyndum þannig að úr urðu alls kyns skemmtileg smáatriði. Þess má geta að hugmynd arkitektanna var m.a. að láta klæða einn vegginn í borðstofunni að mestu með hnotu. Ekki varð úr því en húsráðendur geta hugsað sér að gera það síðar. Hins vegar féllust þeir á hugmynd arkitektanna hvað áhrærir handriðið á milli hæðanna en það einkennir um sex fermetra glerplata. Hvað varðar aðrar skemmtilegar útfærslur má nefna granítborð á eyju í eldhúsinu og gluggakisturnar sem eru einnig úr graníti. Það var hugmynd arkitektanna að granítið væri brotið á endanum. Þá má nefna loftið í baðherberginu á efri hæðinni. Í innréttingunni í baðherberginu er sér skápur fyrir óhreinatauið – sem rennur þaðan beint niður í þvottahúsið sem er á neðri hæðinni. Húsið er fullt af gullmolum.

KARAKTERINN

Við hönnun sína leggja þau Gunnar og Hlédís áherslu á óskir húsráðendanna og húsið sjálft. Þau leitast í einu og öllu við að samræma hönnun sína að óskum kúnnans. Þau benda á að þau forðist að gera sömu hlutina aftur og aftur; að hjá þeim sé engin fjöldaframleiðsla heldur hafi hvert verk sinn karakter sem skapist af því umhverfi sem það sé í. Í húsinu í Grafarholtinu búa hjón ásamt tveimur sonum sínum – og kettlingi – og vilja þau hafa fallegt og stílhreint í kringum sig. Við hönnunina á heimili þeirra var lögð áhersla á hagkvæmar lausnir sem henta nútímafjölskyldulífi. Heilsteypt efnisval. Heildarþema. Heildarmynd.

HVÍTT OG BRÚNT. ELDHÚSINNRÉTTINGIN ER ÚR HNOTU OG SPRAUTULÖKKUÐU MDF. INNRÉTTINGIN VAR SMÍÐUÐ HJÁ VIÐ OG VIÐ. HÁFURINN VAR KEYPTUR Í EIRVÍK.

UM SEX FERMETRA GLERPLATA, INNRÖMMUÐ Í SVART STÁL, EINKENNIR HANDRIÐIÐ.

STÍLHREIN BORÐSTOFA. HÚSGÖGNIN ERU FRÁ TEKK COMPANY.

BAÐHERBERGISINNRÉTTINGIN ER Í STÍL VIÐ ELDHÚSINNRÉTTINGUNA. HNOTAN ER ÞAR Í AÐALHLUTVERKI. VASKARNIR VORU KEYPTIR Í BYKO. GRÁAR FLÍSARNAR ERU FRÁ AGLI ÁRNASYNI.